

Hjálparaðferðir við skilning og tjáningu

Erfiðleikar

Minniháttar vandamál, hann/hún skilur nánast allt það sem er sagt

Málskilningurinn eða athyglin er undir áhrifum af þreytu, kvíða eða verkja.

Erfiðleikar með að skilja ókunnuga.

Erfiðleikarnir koma fram þegar það er bakgrunnshávaði.

Erfiðleikarnir koma fram í margmenni eða í rökræðum.

Hann nær að fylgja eftir meginatriðum í samtalinu en missir auðveldlega þráðinn.

Hjálparaðferðir

Alveg sama hversu vel viðkomandi skilur, ávalt skal ná athygli hans áður en samræður hefjast. Láttu sjást framan í þig þannig að svipbrigði þín sjáist. Ávalt að passa upp á gleraugu og/eða heyrnartæki.

Tala minna og hægar en vanalega en þó eðlilega. Ekki pressa á samræður þegar viðkomandi er þreyttur; hvíld er mikilvæg og gott að geyma mikilvægar umræður þar til líðanin er betri.

Bjóddu viðkomandi að vera með málstolsspjald á sér sem útskýrir hans erfiðleika einsog „Ég er með málstol og á þess vegna í erfiðleikum með tjáningu, vinsamlegast gefðu mér auka tíma í að svara þér“.

Slökkva á sjónvarpi, útvarpi eða öðrum hávaðasömum tækjum einsog þvottavél, á meðan samræðum stendur.

Í margmenni eða hóp er gott að halda uppi þeirri góðu reglu að aðeins einn talar í einu. Segðu viðkomandi frá því þegar nýr aðili byrjar að tala.

Ekki skipta hratt á milli umræðuefna. Ef það á að skipta um umræðuefni, láta vita og gefa viðkomandi tíma til að melta og svara. Gott að endurtaka til að hjálpa til við að fylgja eftir.

Erfiðleikar

Stundum verður ruglingur á skilningi orðanna, t.d. ef beðið er um bolla þá réttir hann mér disk.

Takmarkaður skilningur á löngum og flóknum setningum.

Erfiðleikar með að skilja einföld orð.

Styðst mikið við vísbendingar til að skilja.

Hjálparaðferðir

Það er alltaf gott að nota látbragð, ef mögulegt er, til að tryggja skilning, t.d. líkja eftir því að drekka úr bolla þegar talað er um bolla.

Forðist langar og flóknar setningar. Gott að brjóta upp samræður svo að hver setning innihaldi aðeins eitt efni, t.d. í stað þess að segja „þar sem það er svo kalt úti þá væri sniðug hugmynd að fara í ullarjakkann þinn?“, segðu „það er kalt úti. Viltu jakkann þinn?“

Nota önnur orð eða setningar sem er auðveldara að skilja. Ritun, teikning eða látbragð gæti hjálpað. Það hjálpar ekkert að hækka róminn!

Gefið mjög skýrar vísbendingar:

- Augljós, stök líkamstjáning
- Benda á eða sýna þann hlut sem verið er að tala um
- Nota viðeigandi tón raddar
- Nota skýr svipbrigði